



Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Vonarstræti 4
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. desember 2009

Efni. Umsögn Bændasamtaka Íslands um Frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (breyting ýmissa laga, hækkun gjalda), 239. mál

Tilv. 2009120005

Breytingar á olíugjaldi og vörugjöldum koma þungt niður á íbúum landsbyggðarinnar. Minnt er á að við breytingar á álagningu þungaskatts yfir í olfugjald, þá var ítrekað lofað úrlausn fyrir bændur til samræmis við það sem áður var og svikið með lækkun á framlögum til Lífeyrissjóðs bænda.

Það er grundvallaratriði varðandi mál þetta að halda innlendum landbúnaðarafurðum í lágsta skattþrepi virðisaukaskatts. Ef það er rétt skilið að mjólk og mjólkurvörur, kjöt og kjötvörur, grænmeti þar á meðal kartöflur, svo og aðrar þær innlendar landbúnaðarafurðir, sem eru meginuppistaðan í daglegri neyslu landsmanna, verði áfram í lágsta skattþrepi, þá leggjast Bændasamtök Íslands ekki gegn breytingum á vsk þrepum.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri